

Skýrsla

dómsmálaráðherra um gerendur í kynferðisbrotamálum og meðferðarúrræði þeim til handa, samkvæmt beiðni.

(Lögð fyrir Alþingi á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)

Með beiðni (á þskj. 598) frá Guðrúnu Ögmundsdóttur og fleiri alþingismönnum er þess óskað að dómsmálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um gerendur í kynferðisbrotamálum og meðferðarúrræði þeim til handa.

Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir ýmsum tölulegum upplýsingum um gerendur og þolendur í kynferðisbrotamálum og meðferðarúrræðum sem standa gerendum til boða. Eingöngu verður fjallað um íslenskar tölfræðiupplýsingar og þau meðferðarúrræði sem standa til boða hér á landi.

1. Tölulegar upplýsingar um gerendur og þolendur í kynferðisbrotamálum.

Á árunum 1999–2003 var 171 einstaklingur ákærður fyrir kynferðisbrot.¹ Hinir ákærðu voru allir karlkyns. Af þeim voru 119 sakfelldir með dómi, 15 hlutu sektarrefsingu samkvæmt viðurlagaákvörðun dómara, sbr. 124. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, og 37 voru sýknaðir. Samtals hlutu því 134 dóm eða undirgengust sektarrefsingu samkvæmt viðurlagaákvörðun dómara.²

Tafla með ítarlegum upplýsingum um fjölda kynferðisbrotamála árin 1999–2003 er í fylgiskjali.

Aldur þeirra 134 sem hlutu dóm eða undirgengust sektarrefsingu samkvæmt viðurlagaákvörðun dómara á árunum 1999–2003 skiptist með eftirfarandi hætti:³

¹ Með kynferðisbrotum er átt við öll brot sem falla undir XXII. kafla (kynferðisbrotakafli) almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Til þeirra brota teljast einnig brot þar sem engir eiginlegir brotþolar eru til staðar, svo sem dreifing og vörslur klámefnis.

² Miðað er við það ár sem mál kemur til ríkissaksóknara en ekki það ár sem dómur er kveðinn upp.

³ Miðað er við fæðingarár gerenda. Ekki reyndist unnt að greina upplýsingar eftir aldri gerenda og brotþola á þeim tíma sem hin refsiverða háttsemi átti sér stað.

Fæðingarárgeranda	Fjöldi	Fæðingarárgeranda	Fjöldi	Fæðingarárgeranda	Fjöldi	Fæðingarárgeranda	Fjöldi
1924	1	1949	1	1964	4	1977	7
1920–1929	1	1940–1949	7	1965	5	1978	1
1930	2	1952	2	1967	1	1979	1
1931	1	1954	3	1968	11	1970–1979	33
1934	2	1955	2	1969	4	1980	5
1936	2	1956	2	1960–1969	41	1981	4
1937	1	1957	3	1970	1	1982	7
1930–1939	8	1959	5	1971	6	1983	6
1942	1	1950–1959	17	1972	5	1984	2
1943	1	1960	5	1973	4	1985	1
1944	1	1961	4	1974	1	1987	2
1946	2	1962	5	1975	2	1980–1989	27
1947	1	1963	2	1976	5	Samtals	134

Skráðir brotaþolar í málum þeirra 134 sakborninga sem voru sakfelldir fyrir kynferðisbrot á árunum 1999–2003 voru samtals 162, þar af 151 kvenkyns og 11 karlkyns.⁴ Í flestum málanna var einungis einn gerandi og einn þolandi. Í nokkrum málum voru þó þolendur fleiri en einn; í einu máli voru þeir 6, í öðru 5, í tveimur málum voru 4 þolendur, í tíu málum 3 þolendur og í níu málum 2 þolendur.

Aldur þolenda kynferðisbrota á árunum 1999–2003 skiptist með eftirfarandi hætti:

Fæðingarárþolenda	Fjöldi	Fæðingarárþolenda	Fjöldi	Fæðingarárþolenda	Fjöldi	Fæðingarárþolenda	Fjöldi
1943	1	1960–1969	4	1981	6	1991	7
1940–1949	1	1970	2	1982	12	1992	10
1953	1	1971	1	1983	18	1993	6
1954	1	1972	3	1984	10	1994	4
1955	1	1973	1	1985	5	1995	2
1958	3	1975	1	1986	9	1996	1
1959	1	1976	2	1987	5	1997	3
1950–1959	7	1977	2	1988	10	1998	1
1965	2	1979	2	1989	13	1990–1999	44
1966	1	1970–1979	14	1980–1989	92	Samtals	162
1968	1	1980	4	1990	10		

Af þeim 134 sakborningum sem sakfelldir voru á árunum 1999–2003 höfðu 11 verið ákærðir fyrir fleiri en eitt kynferðisbrot á því tímabili. Þá er vert að geta þess að í 23 málum höfðu þolendur verið fleiri en einn. Ekki liggja fyrir tölur um hversu margir sakborninganna höfðu verið dæmdir fyrir kynferðisbrot fyrir árið 1999.

2. Meðferðarúrræði fyrir þá sem dæmdir hafa verið fyrir kynferðisbrot.

Dæmdum kynferðisbrotamönnum er boðið upp á einstaklingsmeðferð hjá sálfræðingi sem byggist á hugrænni atferlismeðferð og er nálgunin sniðin að þörfum hvers og eins. Meðferðin fer fram innan fangelsis á meðan afplánun fer fram. Þegar áhugi viðkomandi fanga er ekki til staðar er reynt að ýta undir áhuga hans til breytinga með hvatningarviðtali o.fl. Í meðferð-

⁴ Í nokkrum málum er varða blygðunarsemisbrot hafa brotaþolar ekki verið skráðir. Á þetta t.d. við um brot þar sem svokallaðir „flassarar“ hafa berað sig fyrir framan hóp fólks.

inni er markmiðið annars vegar að beina kynferðislegum áhuga einstaklings á nýjar brautir og hins vegar að koma í veg fyrir ítrekun brota. Engin sérstök skilyrði eru sett fyrir því að komast í slíka meðferð. Engar tölulegar upplýsingar liggja fyrir um hversu margir einstaklingar hafi gengist undir slíka meðferð, né heldur hefur árangur slíkrar meðferðar verið metinn með skipulegum hætti.

Öðru máli gegnir um gerendur sem ekki hafa náð 18 ára aldri. Ábyrgð á úrræðum fyrir unga gerendur er hjá barnaverndaryfirvöldum. Barnaverndarstofa býður upp á langtíma-meðferðarúrræði á meðferðarheimilum fyrir einstaklinga yngri en 18 ára sem beita aðra kynferðislegu ofbeldi. Þá er í undirbúningi hjá stofunni að koma á göngudeildarúrræði fyrir ungmennti sem beitt hafa aðra kynferðislegu ofbeldi. Barnaverndarstofa hefur gert samning við sálfræðing sem hefur sérmenntun á sviði greiningar og áhættumats um að gera ítarlega sálfræðilega greiningu á þeim sem verða uppvísir að alvarlegum kynferðisbrotum. Mikilvægt hefur verið talið að mat á börnum og unglingum sem fremja slíka verknaði sé vandað og ítarlegt svo unnt sé að finna úrræði eftir eðli vandans hverju sinni. Þá er sérfræðingurinn stofunni og starfsmönnum hennar til ráðgjafar vegna þeirra mála sem koma upp. Þess má geta að viðkomandi sérfræðingur tekur þátt í samstarfi ESSAY (European Society working with Sexually Abusive Youth) sem eru evrópsk samtök sérfræðinga sem vinna við að greina og meðhöndla ungmenni sem beitt hafa aðra kynferðislegu ofbeldi.

Hvað varðar unga sakhæfa gerendur sem fremja kynferðisbrot er staðan sú að barnaverndaryfirvöld grípa inn í á fyrstu stigum þegar þeir hafa verið kærðir fyrir brot. Gerendurnir fá eins fljótt og kostur er viðeigandi meðferð og er hún oft enn yfirstandandi þegar málið fer fyrir dóm. Í mörgum þeirra tilvika hafa dómstólar kveðið upp skilorðsbundna dóma sem kveða nánar á um að viðkomandi ljúki þeirri meðferð sem hafin var.

Almennt leggja fangelsismálayfirvöld meðferð til. Dómstólar hafa þó ákveðnar heimildir skv. VII. kafla almennra hegningarlaga til að dæma menn til hælsvistar en sjaldan reynir á þau úrræði.

Dómstóll hefur heimild skv. 65. gr. almennra hegningarlaga til að kveða á um að menn sem ekki geta haft hemil á drykkjufýsn sinni skuli lagðir inn á viðeigandi hæli til lækningar. Úrræðið á ekki sérstaklega við um þá sem hafa framið kynferðisbrot en því hefur einu sinni verið beitt af Hæstarétti í máli sakbornings sem oft hafði gerst brotlegur við almenn hegningarlög undir áhrifum áfengis og ítrekað gerst sekur um kynferðisbrot, sbr. dóm Hæstaréttar 24. febrúar 1988 í máli nr. 348/1987. Í framhaldi af því máli tók dómsmálaráðuneytið ákvörðun um að dómfelldi sætti meðferð á hæli í Svíþjóð sem bauð upp á sérhæfða meðferð fyrir kynferðisbrotamenn.

Í 62. gr. almennra hegningarlaga er heimild til að kveða í dómi á um að manni sem sýknaður hefur verið á grundvelli 15. gr. laganna eða honum ekki gerð refsing skv. 16. gr. verði komið fyrir á viðeigandi hæli ef aðrar vægari ráðstafanir koma ekki að notum. Í 2. mgr. 16. gr. er einnig að finna heimild til að vista á sérstakri stofnun þá sem hafa verið andlega miður sín, svo sem vegna vanþroska, hrörnunar, kynferðislegs misþroska eða annarrar truflunar, þegar þeir frömdu hina refsiverðu háttsemi. Það er þó áskilið í ákvæðinu að til að hægt sé að beita úrræðum þess verði slík stofnun að vera til. Slík stofnun er ekki til á Íslandi.

Síðastliðin 15 ár, að minnsta kosti, hafa kynferðisbrotamenn ekki verið dæmdir í meðferð hér á landi, en stundum kemur fram í dómi það viðhorf dómara að hann mæli með meðferð. Kynferðisbrotamenn sem eru undir eftirliti hjá Fangelsismálastofnun eru oft hvattir til að leita sér hjálpar og stundum er þeim boðin aðstoð sálfræðinga stofnunarinnar. Það er forgangsverkefni hjá sálfræðingum Fangelsismálastofnunar að sinna kynferðisbrotamönnum.

Fylgiskjal.**Ítarlegar upplýsingar um fjölda kynferðisbrotamála árin 1999–2003.**

Fæðingarár ætlaðra gerenda	Fæðingarár og kyn ætlaðra brotaþola		Hegningar- lagagrein	Komuár máls
1977	1982, kvk.		194.	1999
1982	1982, kvk.		194.	1999
1966	1984, kvk.	sýkn	195.	1999
1962	1979, kvk.		196.	1999
1959	1959, kk.		196.	1999
1965	1978, kvk.	sýkn	196.	1999
1947	1983, kvk.		200.	1999
1957	1990, kvk.		200.	1999
1965	1977, kk.		202.	1999
1955	1992, kvk.		202.	1999
1968	1982, kvk.		202.	1999
1981	1989 (1), 1991 (2), 1992 (4), 1993 (1), 1994 (1), (9 stúlkur)		202.	1999
1973	1983, kvk. (6 stúlkur)		202.	1999
1960	1990, 1994, kvk. (2 stúlkur)		202.	1999
1952	1992, kvk. (2 stúlkur)		202.	1999
1949	1983, 1984, kvk. (2 stúlkur)		202.	1999
1965	1984 (3 stúlkur) 1985 (1 stúlka)		202.	1999
1983	1992, kvk.		202.	1999
1982	1986, kvk.		202.	1999
1968	1986, kk.		202.	1999
1963	1971, kvk.		202.	1999
1981	1981, kvk.	sýkn	209.	1999
1981	1981, kvk.	sýkn	209.	1999
1968	1981, kvk.		209.	1999
1931	1983, kvk.		209.	1999
1965	1988, 1990, 1991, kk. (3 drengir)		209.	1999
1982	1983, kvk., 1982, kk.	viðurlagaákv.	209.	1999
1980	1976, 1976, kvk. (2 stúlkur)		209.	1999
1968	Klám		210.2.	1999
1969	Klám		210.2.	1999
1969	Klám	viðurlagaákv.	210.2.	1999
1942	Barnaklám		210.4.	1999
1972	Barnaklám	viðurlagaákv.	210.4.	1999
1977	1982, kvk.		194.	2000
1969	1973, kvk.	sýkn	194.	2000
1972	1980, kvk.		194.	2000

Fæðingarár ætlaðra gerenda	Fæðingarár og kyn ætlaðra brotaþola		Hegningar- lagagrein	Komuár máls
1978	1980, kvk.		194.	2000
1982	1986, kvk.		194.	2000
1973	1985, kvk. (1 stúlka) 1988, 1988, kvk. (2 stúlkur)	2 mál, 2 dómar	195. 202.1.1	2000 2002
1972	1985, kvk.		196.	2000
1930	1953, kvk.		196.	2000
1971	1981, kvk.		196.	2000
1979	1980, kvk.	sýkn	196.	2000
1961	1983, kvk.		200., 202.	2000
1959	1984 (2 stúlkur) 1985 (1 stúlka)		202.1.1	2000
1976	1984, kvk.		202.1.1, 209.	2000
1934	1991, kvk.	sýkn	202.1.1	2000
1969	1993, kvk.		202.1.1	2000
1965	1974, kk.	sýkn	202.1.1	2000
1954	1991, kvk.		202.1.2.	2000
1968	1989, kvk.		202.1.2	2000
1948	1987, kvk.	sýkn	202.1.2.	2000
1962	1982, kvk.		209.	2000
1971	Brotáþolar óskráðir		209.	2000
1968	1975, kvk. 1997, kvk. 1977, kvk.	3 mál, 3 dómar	209. 202.1.2. 194.	2000 2001 2003
1981	Brotáþolar óskráðir		209.	2000
1983	Brotáþolar óskráðir		209.	2000
1981	Barnaklám	viðurlagaákv.	210.4.	2000
1977	Barnaklám		210.4.	2000
1959	Barnaklám 1982, kvk.	viðurlagaákv. sýkn, 2 mál	210.4. 209.	2000 2002
1937	Barnaklám		210.4.	2000
1978	1980, kvk.	sýkn	194.	2001
1964	1943, kvk.		194.	2001
1976	1986, kvk. 1993, kvk.	2 mál, 1 dómur	194. 202.1.1	2001 2001
1964	1965, kvk.		194.	2001
1962	1965, kvk.		194.	2001
1972	1984, kvk.		194.	2001
1982	1986, kvk.	sýkn	195.	2001
1975	1982, kvk.	sýkn	195.	2001
1971	1983, kk.		196.	2001
1960	1982, 1990, kvk. (2 stúlkur)		196., 202.	2001
1976	1982, kvk.		196.	2001
1968	1970, kvk.		196.	2001
1984	1987, kvk.	sýkn	196.	2001

Fæðingarár ætlaðra gerenda	Fæðingarár og kyn ætlaðra brotaþola		Hegningar- lagagrein	Komuár máls
1963	1995, kvk.		200.1.	2001
1957	1977, kvk. 1981, kvk.	2 mál, 1 dómur	200.1. 202.1.1	2001
1934	1983, kvk. 1992, kvk.	2 mál, 1 dómur	200.1. 200.2.	2001
1941	1990, kvk.	sýkn	200.1.	2001
1954	1983, kvk.		200.2.	2001
1936	1982, 1984, 1985, kvk. (3 stúlkur)		200.2.	2001
1956	1973, kvk.		201.1.	2001
1967	1987, kvk.	sýkn	201.1.	2001
1975	1993, kvk.		201.1.	2001
1949	1989, kvk.	sýkn	201.2.	2001
1979	1986, kvk.		202.1.1.	2001
1930	1988, 1989, 1989, kvk. (3 stúlkur)		202.1.1.	2001
1967	1985, kvk.	sýkn	202.1.1.	2001
1982	1988, kvk.	sýkn	202.1.1.	2001
1959	1986, kvk.		202.1.1.	2001
1983	1994, kk., 1997, kvk., 1998, kvk.		202.1.1.	2001
1983	1991, kvk.	sýkn	202.1.2.	2001
1954	1989, kvk.		202.1.2.	2001
1970	1987, kvk.	sýkn	202.1.2.	2001
1950	1984, kvk.	sýkn	202.1.2.	2001
1970	1987, kvk.	sýkn	202.1.2.	2001
1971	1989, 1989, 1989, kvk. (3 stúlkur)		209.	2001
1967	1958, kvk.	viðurlagaákv.	209.	2001
1964	Brotápolar óskráðir	viðurlagaákv.	209.	2001
1980	Klám	viðurlagaákv.	210.2.	2001
1974	Klám	viðurlagaákv.	210.2.	2001
1957	Barnaklám	viðurlagaákv.	210.4.	2001
1970	Barnaklám	viðurlagaákv.	210.4.	2001
1983	1983, kvk.		194.	2002
1983	1983, kvk.		194.	2002
1964	1970, kvk.		194.	2002
1965	1965, kvk.	sýkn	194.	2002
1980	1984, kvk.		194.	2002
1945	1946, kvk.	sýkn	194.	2002
1979	1987, kvk.	sýkn, áft.	194., 196.	2002
1987	1987, kvk.		194.	2002
1969	1986, kvk.		195.	2002
1968	1958, kvk.		196.	2002
1967	1982, kvk.	sýkn	196.	2002
1960	1966, kvk.		196.	2002

Fæðingarár ætlaðra gerenda	Fæðingarár og kyn ætlaðra brotaþola		Hegningar- lagagrein	Komuár máls
1977	1980, kvk.		196.	2002
1960	1975, kvk.	sýkn	196.	2002
1977	1981, kvk.		196.	2002
1962	1954, kvk.		196.	2002
1961	1985, kvk.		196., 200.1.	2002
1982	1983, kk.		196.	2002
1973	1972, kvk.		196.	2002
1934	1980, 1981, 1991, kvk. (3 stúlkur)		200., 202.	2002
1959	1987, kvk. 1988, kvk.	2 mál, 1 dómur	200., 202. 201., 202.	2002 2003
1960	1983, 1984, kvk. (2 stúlkur)		201., 202.	2002
1968	1987, 1987, 1991, kvk. (3 stúlkur)		201.2.	2002
1977	1989, kvk.		202.1.1.	2002
1980	1992, kvk.		202.1.1.	2002
1932	1987, kvk.	sýkn	202.1.1.	2002
1976	1987, 1989, kvk. 1982, kvk.	2 mál, 1 dómur	202.1. 202.1., 209	2002
1947	1989, kvk.	sýkn	202.1.2.	2002
1960	1984, 1986, 1989, kvk. (3 stúlkur)		202.1., 209.	2002
1983	1990, kvk.		202.1.2.	2002
1972	1990, kvk.		202.1.2.	2002
1924	Óskráður brotaþoli	viðurlagaákv.	209.	2002
1971	1991, kvk.		209.	2002
1977	1968, kvk., 1972, kvk.	2 mál, 1 ákv. viðurlagaákv.	209.	2002
1964	1961, kvk.	sýkn	209.	2002
1968	1979, kvk.		209.	2002
1955	1986, kvk.		209.	2002
1956	Klám		210.2.	2002
1976	Barnaklám		210.4.	2002
1961	Barnaklám		210.4.	2002
1961	Barnaklám		210.4.	2002
1982	Barnaklám	viðurlagaákv.	210.4.	2002
1952	Barnaklám		210.4.	2002
1955	1955, kvk.	sýkn	194.	2003
1975	1955, kvk. 1958, kvk.	sýkn, 2 mál, 1 dómur	194.	2003
1974	1965, kvk.	sýkn	194.	2003
1981	1959, kvk.	sýkn	194.	2003
1984	1972, kvk.		194.	2003
1960	1970, kvk.	sýkn	194., 200.3.	2003
1976	1979, kvk.	sýkn	194.	2003
1971	1981, kvk.		194.	2003

Fæðingarár ætlaðra gerenda	Fæðingarár og kyn ætlaðra brotaþola		Hegningar- lagagrein	Komuár máls
1976	1978, kvk.	sýkn	194.	2003
1973	1982, kvk., 1982, kvk. (2 stúlkur)		196.	2003
1936	1990, kvk.		200.2.	2003
1965	1988, 1988, 1988, 1988, kvk. (4 stúlkur)		210.2.	2003
1981	1993, kk.		202.1.1.	2003
1943	1990, kvk.		202.1.1., 2.	2003
1985	1990, kvk.		202.1.1	2003
1971	1987, kvk.	sýkn	202.1.1., 2.	2003
1944	1989, 1989, 1995, kvk. (3 stúlkur)		202.1.1., 2.	2003
1980	1988, kvk.		202.1.1.	2003
1946	1993, 1996, kvk. (2 stúlkur)		202.1., 209.	2003
1987	1991, kvk.		202.1.1.	2003
1984	Barnaklám		210.4.	2003
1982	Barnaklám		210.4.	2003
1946	Barnaklám	viðurlagaákv.	210.4.	2003
1965	Barnaklám		210.4.	2003
1968	Barnaklám	2 mál, 1 dómur	210.4. 210.4.	2003
1962	Barnaklám		210.4.	2003